

Svar

**matvælaráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni
um eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvöldum.**

1. *Liggja fyrir niðurstöður af reglubundnu eftirliti með velferð dýra við veiðar á hvöldum, sbr. reglugerð nr. 917/2022?*

Niðurstöður eftirlits Matvælastofnunar með velferð dýra við veiðar á hvöldum við Ísland árið 2022 liggja fyrir og voru kynntar mánudaginn 8. maí sl.

2. *Verða þær niðurstöður gerðar almenningi aðgengilegar? Efjá, þá hvenær? Ef nei, hvers vegna ekki?*

Matvælastofnun birti fréttatilkynningu um niðurstöður eftirlitsins á heimasíðu sinni 8. maí sl. Matvælaráðuneytið birti einnig fréttatilkynningu um málið sama dag auk þess sem skýrslan í heild sinni var birt. Hlekk á skýrsluna er að finna á vef matvælaráðuneytisins.¹

¹ https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Hvalir_vei%c3%b0ar_velfer%c3%b0_2022_lokask%c3%bdrsla_MAST.pdf